

T-(538|725)-MALV, Málvinnsla Ásetningur og orðræðumerki

Hrafn Loftsson¹ Hannes Högni Vilhjálmsson¹

¹Tölvunarfræðideild, Háskólinn í Reykjavík

Október 2007

1 Orðræðuskipan og orðræðuhlutar

2 Athyglisstaflí og orðræðumerki

1 Orðræðuskipan og orðræðuhlutar

2 Athyglisstaflí og orðræðumerki

Fyrst smá upprifjun...

- Við erum búin að skoða hvernig einstakar setningar eru byggðar upp.
- Upplýsingaskipan¹ þeirra helgast af tiltölulega nálægu samhengi.
- Setningar eru aðeins hluti af stærri heild sem er orðræðan sjálf.
- Hvernig byggist sú heild upp?

¹Betra orð en Upplýsingauppbýgging

Dæmi

- 1 **A:** Jæja, svo þú ert búin að koma vélinni saman.
- 2 **A:** Nú skaltu festa reipið efst í vélina.
- 3 **A:** Heyrðu, varstu búin að kaupa bensín í dag?
- 4 **B:** Já, ég náði í það um leið og ég keypti hjólið sem vantaði.
- 5 **B:** Ég gleymdi reyndar að taka brúsa með þannig að ég keypti nýjan.
- 6 **A:** Kostaði þetta mikið?
- 7 **B:** Nei, svo er ágætt að eiga aukabrúsa hvort eð er.
- 8 **A:** Ókei
- 9 **A:** Ertu búin að festa **það** núna?

Pörf á orðræðuskipan (e. Discourse Structure)

- Eignafornafnið **það** í setningu 9 vísar á einingu sem síðast var minnst á 7 setningum áður!
- Þarna á milli eru einingar sem málfræðilega hefðu vel getað passað við fornafnið (bæði bensín og hjól).
- Einfaldur nýleikalisti í orðræðulíkani hefði flaskað á þessu.
- Satt að segja myndi engin línuleg framsetning á skipan textans ná að lýsa því sem hér er á ferðinni.

Orðræðuhlutar (e. Discourse Segments)

- Okkur er augljóst hvað er að gerast þarna.
- Setningar 3-7 eru einfaldlega hliðarspor í samræðunum sem hafa ekki með reipið að gera.
- Í setningu 8 gefur framleiðandi til kynna að hliðarsporinu sé lokið með **Ókei**.
- Þar með er lína 9 túlkuð í samhengi línu 2 en ekki í samhengi hlutans sem búið er að afgreiða.
- Þessi skýring krefst hugtaksins **orðræðuhlutar** (e. Discourse Segments).
- Gróflega er hver hluti kafli í orðræðu þar sem setningarnar fjalla um sama efni.

Hlutun orðræðu

Þótt þörfin sé mikil á góðri hlutun orðræðu, þá eru ekki allir á sama máli um það hvernig hlutun orðræðu er framkvæmd. Engin hárnákvæm skilgreining á hluta er til, bara sú tilfinning að sumar setningar eiga eðlilega saman (sýnt með tilraunum).

Skoðað frá tveimur hliðum

Vandamálið hefur verið skoðað frá tveimur hliðum:

- Hvaða aðferðum er beitt til að greina setningar innan eins hluta?
- Hvernig tengjast hlutarnir saman?

Hlutun orðræðu

Þótt þörfin sé mikil á góðri hlutun orðræðu, þá eru ekki allir á sama máli um það hvernig hlutun orðræðu er framkvæmd. Engin hárnákvæm skilgreining á hluta er til, bara sú tilfinning að sumar setningar eiga eðlilega saman (sýnt með tilraunum).

Skoðað frá tveimur hliðum

Vandamálið hefur verið skoðað frá tveimur hliðum:

- Hvaða aðferðum er beitt til að greina setningar innan eins hluta?
- Hvernig tengjast hlutarnir saman?

Uppbygging eins hluta

Eftirfarandi má segja um uppbyggingu hvers hluta:

- Lausn tilvísana með nýleikaaðferð (t.d. nýleikalista) er möguleg.
- Einn tiltekinn tími og staður, eða einföld framvinda.
- Ákveðinn hópur framleiðanda og viðtakenda.
- Gert ráð fyrir sömu bakgrunnsþekkingu (ekki skipta úr veruleika yfir í fantasíu!).

Hluti skilgreindur

Til er tvennskona skilgreining á orðræðuhluta, og munurinn liggur í því hvort lagt er út frá ásetningi eða upplýsingum.

- **Ásetningur**

Á bakvið hlutann liggur sami ásetningur.

- **Upplýsingar**

Í hlutanum eru upplýsingar sem eiga saman.

Út frá ásetningi eða upplýsingum?

- Það reynist oft hjálplegra að skilgreina orðræðuhluta út frá ásetningi heldur en upplýsingum.
- Setning 3 í dæmi 1 sýnir klárlega nýjan ásetning sem kemur fram í nýju umræðuefni.
- Ásetningur er sérstaklega hjálplegt tól til að greina samræður og hverskyns rökræður.
- Hinsvegar gæti verið betri kostur að skoða sögur og ritgerðir út frá upplýsingum.

Stigveldisskipan orðræðu

- Hver hluti er röð setninga eða klausa, með hugsanlegum innskotum minni hluta.
- Þar með er um **stigveldisskipan** að ræða.
- Sumstaðar er talað um að minnsti hlutinn sé klausan ein og sér, en það er ekki endilega hjálpleg skilgreining.
- Út frá ásetningssjónarmiði hefur allt stigveldið ákveðinn orðræðutilgang (e. Discourse Purpose, Global Purpose).
- Hver hluti uppfyllir hluta þessa tilgangs með eigin hlutatilgangi (e. Discourse Segment Purpose).
- Þetta samsvarar stigveldisáætlanagerð (e. Hierarchical Planning) til að ná markmiðum.

Staðvært samhengi (e. Local Context)

- Stigveldisskipanin útskýrir hversvegna tilvísunin **það** í setningu 9 gat ekki vísað á **hjólið** úr setningu 4.
- Um er að ræða sitthvorn hlutann, þannig að orðræðueiningar innri hlutans eru ekki til staðar í ytri hluta tilvísunarinnar.
- Hver hluti inniheldur egin nýleikalista yfir orðræðueiningar.
- Hver hluti heldur utanum sitt **staðværa samhengi**, sem síðan má nota til að leysa úr vísunum innan þess.




Figure: Stigveldisskipan orðræðuhluta




Figure: Stigveldisskipan orðræðuhluta sett fram sem tré

Nýjar setningar tengdar

Stigveldisskipanin auðveldar túlkun á því hvernig nýjar setningar tengjast þeim setningum sem fyrir eru í líkaninu.

Orðræðustaða (e. Discourse State)

Fyrir hvern hluta er lýst svokallaðri **orðræðustöðu** (e. Discourse State), sem inniheldur

- Setningarnar í hlutanum
- Staðværa samhengið og upplýsingahögun
- Hlutatilgangur og merkingaleg tengsl setninganna

Nýjar setningar tengdar

Stigveldisskipanin auðveldar túlkun á því hvernig nýjar setningar tengjast þeim setningum sem fyrir eru í líkaninu.

Orðræðustaða (e. Discourse State)

Fyrir hvern hluta er lýst svokallaðri **orðræðustöðu** (e. Discourse State), sem inniheldur

- Setningarnar í hlutanum
- Staðværa samhengið og upplýsingahögun
- Hlutatilgangur og merkingaleg tengsl setninganna

1 Orðræðuskipan og orðræðuhlutar

2 Athyglis stafli og orðræðumerki


Athyglisstafla (e. Attentional Stack)

Þegar unnið er með texta, setningu fyrir setningu, þá eru orðræðustöðurnar settar á svokallaðan **athyglisstafla** (e. Attentional Stack). Þessi stafla sýnir í raun hverju verið er að veita athygli hverju sinni.

Stafla af stöðum

- Orðræðustöðurnar á staflanum gefa til kynna við hvaða orðræðuhluta ný setning getur hugsanlega bæst.
- Efsta staðan lýsir dýpsta orðræðuhlutanum.
- Hver staða á staflanum lýsir hluta sem inniheldur hluta staðanna fyrir ofan á staflanum.
- Til að byrja nýjan hluta, verður að ýta nýrri stöðu á staflann.
- Til að bæta við hluta stöðu neðar á staflanum verður að poppa öllum stöðum fyrir ofan af staflanum.
- Sjá mynd.

Athyglisstafla



SEG1(a) After a	SEG1(a, b) After b	SEG2(c) SEG1(a, b) After c	SEG2(c, d, e) SEG1(a, b) After e
SEG1(a, b, f) After f	SEG3(h) SEG1(a, b, f, g) After h	SEG3(h, i, j, k) SEG1(a, b, f, g) After k	SEG1(a, b, f, g, l) After l

Figure: Augnablik athyglisstafla

Figure: Orðræðuhlutar

Orðræðumerki (e. Discourse Markers)

- Ein helsta vísbendingin um skipan orðræðunnar eru orðræðumerki í textanum (e. Discourse Marker, Cue Phrase).
- Orðræðumerkin eru orðræðuáhöld sem gefa til kynna hvernig setnignar tengjast þeirri skipan sem er komin.
- Orðræðumerki falla í tvo megin flokka eftir hlutverki þeirra:
 - Meðhöndla orðræðuskipan beint
 - Sýna merkingaleg tengsl nýrra setninga við fyrri stöður

Skipanin meðhöndluð beint

Þau orðræðumerki sem meðhöndla skipanina beint, framkvæma staflaaðgerðir á athyglisstaflann án þess að einhver sérstök merkingaleg tengsl séu mynduð.

- Ýta nýrri stöðu á staflann
 - Þá man ég það
 - sko
 - en þannig var
- Poppa stöðum af staflanum
 - Hvað sem því líður
 - ókei
 - en semsagt

Merkingaleg tengsl mynduð

Orðræðumerki sem sýna merkingaleg tengsl nýrrar setningar við þá stöðu sem er á staflanum, gætu haft ýta eða popp í för með sér, en þurfa þess ekki.

- og svo
- en
- þess vegna
- þó
- jafnframt
- á meðan

Mælskuvensl (e. Rhetoric Relations)

- Þessi seinni flokkur orðræðumerkja skilgreinir svokölluð **mælskuvensl** (e. Rhetoric Relations) á milli orðræðuhluta.
- Þessum venslum og tengsl þeirra við heildarskipan orðræðunnar er lýst sérstaklega í kenningunni um mælskuskipan (e. Rhetorical Structure Theory) (sjá 14.8).

Að lokum...

Af öllu þessu sést að orðræðuskipan má gróflega skipta í þrjá megin þætti (skv. Grosz og Sidner):

- **Málskipan** (e. Linguistic Structure)
Skipting orðræðu í hluta sem orðræðumerki auðgreina.
- **Ásetningsskipan** (e. Intentional Structure)
Tilgangur orðræðunnar í heild og tilgangur hvers hluta.
- **Athyglisstaða** (e. Attentional State)
Stafli af orðræðustöðum sem lýsa staðværu samhengi hluta.